



Icelandic Museum
of Natural History

Brynjólfsgata 5
IS-107 Reykjavík

S./Tel. 577 1800

nmsi@nmsi.is
www.nmsi.is

NÁTTÚRUHÚS

Náttúruminjasafn Íslands – höfuðsafn í náttúrufræðum

Lýsing á þörfum Náttúruminjasafns Íslands fyrir húsnæði, starfsemi og mannafla með hliðsjón af þingsályktun nr. 70/145.

Inngangur

Þann 13. október 2016 samþykkti Alþingi einróma þingsályktun nr. 70/145 um hvernig minnst skuli aldarafmælis sjálfstæðis og fullveldis Íslands árið 2018. Í ályktuninni er ákvæði sem snertir Náttúruminjasafn Íslands og er eftirfarandi:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sjá til þess að í fjármálaáætlun til næstu fimm ára, sem lögð verður fyrir Alþingi vorið 2017, verði gert ráð fyrir uppbyggingu Náttúruminjasafns.

Í greinargerð með þingsályktuninni stendur jafnframt:

Mikilvægt er að koma á fót hér á landi slíkri byggingu er hýsi merkar náttúruminjar og tryggja Náttúruminjasafni með því aðstöðu til frambúðar.

Í lok janúar 2017 fól Kristján Þór Júlíusson mennta- og menningarmálaráðherra Náttúruminjasafninu að leggja fram drög að þarfalýsingu um framtíðarhúsakost safnsins, starfsemi og mannafla svo unnt verði að fella hana inn í þá fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar sem lögð verður fram fyrir lok vorþings 2017.

Grunnur þarfalýsingarinnar

Sá skilningur er lagður í inntak þessa ákvæðis að um sé að ræða framtíðarhúsnæði sem fullnægir öllum þörfum höfuðsafns þjóðarinnar í náttúrufræðum þannig að sæmi landi og þjóð. Staða og aðbúnaður Náttúruminjasafnsins verði til jafns við það sem gildir um sambærileg söfn meðal nágrannaþjóða og engu lakari en á við um hin tvö höfuðsöfn landsins, Þjóðminjasafn Íslands og Listasafn Íslands.

Þarfalýsingin hvílir á grunni sem lagður hefur verið á undanförunum áratugum en forsaga Náttúruminjasafnsins og safnabyggingar í náttúrufræðum er æði löng og merkileg og má rekja allt til ofanverðrar 19. aldar, til stofnunar Hins íslenska náttúrufræðifélags árið 1889. Í stofnsamþykkt félagsins kemur fram að markmiðið með starfseminni sé „...að koma upp sem fullkomnustu náttúrugripasafni á Íslandi, sem sé eign landsins og geymt í Reykjavík.“ Það markmið stendur enn tæpum 130 árum síðar.¹

¹ Fylgiskjal nr. 1. Saga Náttúruminjasafns Íslands og forvera þess.

Á síðastliðnum 6–7 áratugum hafa yfirvöld skipað fjölmargar nefndir og vinnuhópa til undirbúnings á byggingu veglegs og nútímalegs náttúrufræðisafns og í hvert skipti hafa þarfir verið skilgreindar, stærð húsnæðis metin og samin áætlun um mannafla. Niðurstöður hafa jafnan verið áþekkar í flestum atriðum og munurinn innan þess marka sem kalla má skekkjumörk.²

Við gerð þarfalýsingarinnar nú hefur einkum verið stuðst við vinnugögn Náttúruminjasafnsins undanfarin þrjú ár í tengslum við fyrirhugað sýningahald Náttúruminjasafnsins í Perlunni³ ásamt lokaskýrsl samstarfshóps um byggingu Náttúruhúss í Reykjavík sem skilaði var í nóvember 1991.⁴ Niðurstöður þarfalýsingarinnar sem hér er lögð fram og byggir á reynslu og þekkingu sem fyrri þarfagreiningar hafa skapað eru í öllum aðalatriðum samhljóma þeim.

Markmið starfseminnar

Náttúruminjasafn Íslands starfar samkvæmt Náttúruminjasafnslögum nr. 35/2007 og Safnalögum nr. 141/2011 og er eitt þriggja höfuðsafna landsins með náttúrufræði sem sérsvið. Hin höfuðsöfnin tvö eru Listasafn Íslands og Þjóðminjasafn Íslands.

Meginmarkmið með starfsemi Náttúruminjasafns Íslands eru að miðla þekkingu og fróðleik um náttúru Íslands, náttúrusögu, nýtingu náttúruauðlinda, náttúruvernd og tengsl náttúru landsins við umheiminn með sýningahaldi, útgáfu og öðrum hætti og stuðla þannig að auknu aðgengi almennings að náttúruarfinum, varðveislu hans og sjálfbærri umgengni við hann. Í starfi sínu skal Náttúruminjasafnið jafnframt hafa að leiðarljósi að auka lífsgæði manna með því að efla skilning á þróun og stöðu menningar, lista, náttúru og vísinda.

Starfsemi Náttúruminjasafnsins skal miðast við þarfir sem flestra, óháð aldri, kyni, félagslegri stöðu eða uppruna. Náttúruminjasafnið skal vera opið almenningsi og starfa í þágu almennings, vera framsækið, áhugavert og faglega leiðandi höfuðsafn á sviði náttúrufræða og ein af grunnstoðum samfélagsins í menntun og upplýsingagjöf á sviði umhverfis- og náttúrufræða. Það skal vera vettvangur lífandi og gagnrýnnar umræðu um náttúru og umhverfismál og beita sér fyrir kynningu á því nýjasta og markverðasta sem efst er á baugi hverju sinni í þeim efnum.

Mikilvægi starfsemi Náttúruminjasafnsins í kennslufræðilegu tilliti og sem ein af grunnstoðum menntakerfis í landinu ber að skoða m.a. í ljósi niðurstaðna PISA-kannananna OECD 2006 og 2015 í læsi í náttúrufræðum. PISA-kannanirnar gefa til kynna miður góða og versnandi hæfni íslenskra grunnskólanema í náttúrulæsi. Samanburður við helstu viðmiðunarpjórir í Evrópu er Íslendingum óhagstæður. Aðbúnaður á Náttúruminjasafni Íslands og eðli upplýsingamiðlunar með sýningahaldi og öðru móti skal vera bæði þannig að það efli og styrki náttúrufræðimenntun og – kennara og, ekki síst, kveiki áhuga ungmenna á undrum og mikilvægi náttúru landsins fyrir sjálfbært og hamingjuríkt líf.

Sérstök áhersla verður lögð á framsetningu efnis gagnvart skólaæsku landsins, allt frá leikskólum til framhaldsskóla, og gagnvart ferðamönnum. Lögð verður rækt við að sníða og bjóða upp á fræðsluverkefni fyrir skóla sem fara fram úti í náttúrunni með virkri þátttöku nemenda, jafnt í

² Fylgiskjal nr. 2. Samanburður á húsnæðisþörf safnabyggingar í náttúrufræðum samkvæmt áætlunum á tímabilinu 1990–2017.

³ Hilmar J. Malmquist. 20.03.2014. Greinargerð kynnt ráðuneytinu og Landsbréfum ITF I shlf. *Sýningahald í Perlunni undir merkjum Náttúruminjasafns Íslands – nýtt rekstrarsnið*. 12 bls. Hilmar J. Malmquist. 17.08.2016. Greinargerð til Karitasar H. Gunnarsdóttur skrifstofustjóra. *Varðar: Mögulega þátttöku Náttúruminjasafns Íslands í sýningahaldi í Perlunni*. 12 bls

⁴ Kristinn Sv. Helgason, Sveinn Jakobsson, Hjörleifur B. Kvaran, Þórður Þorbjarnarson, Sveinbjörn Björnsson, Arnþór Garðarsson, Örn Helgason og Álfheiður Ingadóttir. 1991. Náttúruhús í Reykjavík – Skýrsla starfshóps um byggingu Náttúruhúss nóvember 1991. Reykjavíkurborg, Menntamálaráðuneytið og Háskóli Íslands, Reykjavík. 72 bls.

nágrenni safnahússins þar sem náttúrulegt umhverfi er nýtt, sem í samvinnu við skóla úti á landi. Náíð samstarf verði við skóla um gerð námsefnis og verkefna.

Áætluð þörf á húsnæði

Helstu verkefni sem Náttúruminjasafnið sinnir í því augnamiði að framfylgja markmiðum starfsemi sinnar felast lögum samkvæmt í söfnun, skráningu, varðveislu, rannsóknum og miðlun. Meginþunginn í starfseminni liggur í miðlunarhlutverkinu sem skipta má í nokkra grunnþætti, þ.e. sýningahald á eigin vegum (grunn-sýning og tímabundnar þema- og tækifærissýningar), sýningahald, aðstoð og ráðgjöf í samstarfi við aðra á landsvísu, prentútgáfa (tímarit, bækur, skýrslur, veggspjöld o.fl.), rafræn útgáfa (heimasíða, gagnagáttir o.fl.), kennsla, leiðsögn, námskeið, fyrirlestrar, málþing, ráðstefnur, fundir o.fl.

Grunnrannsóknir á íslenskri náttúru fara að verulegu leyti fram á vegum ýmissa annarra rannsóknastofnana sem Náttúruminjasafnið á nú þegar í samstarfi við, m.a. Náttúrufræðistofnun Íslands, Háskóla Íslands og Háskólann á Hólum. Aðrir aðilar sem samstarf hefur verið reifað við eru Veðurstofa Íslands, Hafrannsóknastofnun og ÍSOR. Náttúruminjasafnið mun eftir sem áður sinna söfnun, skráningu og varðveislu og stunda rannsóknir sem falla undir sérsvið safnsins sem aðrar stofnanir sinna lítt eða ekki. Litið er svo á að akademískar rannsóknir og vísindaleg aðferðafræði séu forsenda fyrir áreiðanlegri og áhugaverðri upplýsingamiðlun og nauðsynleg fyrir stöðuga endurnýjun þekkingar og færni.

Sem fyrr er gert ráð fyrir að Hið íslenska náttúrufræðifélag hafi aðsetur í húsnæði Náttúruminjasafnsins. Sú ráðstöfun er í samræmi við samningsákvæði milli félagsins og ríkisins frá 1947 þegar félagið afhenti ríkinu safnkost sinn og önnur gögn gegn vilyrði um aðstöðu í framtíðarhúsnæði safnsins.

Þörf Náttúruminjasafnsins til uppbyggingar á framtíðarhúsnæði er áætluð alls um 4.000 m² (1. tafla).

1. tafla. Áætluð húsnæðisþörf vegna uppbyggingar Náttúruminjasafns Íslands.

Gerð rýmis	Fermetrar
Skrifstofur starfsmanna (alls 18)	160
Aðstaða Hins íslenska náttúrufræðifélags	50
Aðstaða gestafræðimanna	20
Rannsóknaaðstaða	300
Verkstæði og móttaka	200
Bóka- og tímaritasafn	150
Sýningarrými	1.400
Fyrirlestra- og kennslusalir	200
Geymslur	200
Anddyri, verslun, kaffistofa	300
Gangar, stigar, stoðrymi (~35%)	1.020
Húsnæðisþörf samtals m²:	4.000

Til viðmiðunar má ætla að byggingarkostnaður í vönduðu húsi verði um 500.000- kr./m² og húsið myndi því kosta um tvo milljarða kr. Nánari áætlun verður vart gerð fyrr en forhönnun hússins liggur fyrir.

Áætlaður mannaflí og rekstrarkostnaður

Rekstur í nýju húsi mun að líkindum ekki hefjast fyrr en ríkisfjármálaáætlun fyrir næsta fimm ára tímabil lýkur (sbr. kaflann hér á eftir, *Drög að framvindu og vísbending um fjárbörf*). Áætlun um mannafla við fullbúna aðstöðu og starfsemi Náttúruminjasafnsins tekur alls til 18 stöðugilda sem svara til 12–18 ársverka (2. tafla). Samsetning starfsliðsins mótast af áður nefndum meginverksviðum Náttúruminjasafnsins sem eru söfnun, skráning, varðveisla, rannsóknir og miðlun, með áherslu á miðlunina.

2. tafla. Áætlun um samsetningu starfsliðs og fjölda starfsmanna við fullbúið Náttúruminjasafn.

Starfsheiti	Fjöldi
Forstöðumaður	1
Upplýsingafulltrúi	1
Fjármála- og skjalastjóri	1
Fræðslufulltrúi/ritstjóri	1
Safnakennsla, leiðsögn	3
Forvörður	1
Tækniamaður	1
Sýningafr./hönnuður	1
Sérfræðingur (dýrafr.)	1
Sérfræðingur (grasafr.)	1
Sérfræðingur (jarðfr.)	1
Sérfræðingur (landfr.)	1
Sérfræðingur (vistfr.)	1
Sérfr. (umhverfissagnfr.)	1
Gestafræðimenn	2
Alls:	18

Fjöldi starfa ræðst m.a. af hugsanlegri samnýtingu stöðugilda með samstarfsaðilum safnsins, þ. á m. Náttúrufræðistofnunar Ísland og Háskóla Íslands (sjá kafla hér á eftir, *Náttúruhús í Vatnsmýri sem framtíðaraðsetur Náttúruminjasafns*).

Til samanburðar má nefna að í áætlunum vegna fyrirhugaðs sýningahalds á vegum Náttúruminjasafnsins í Perlunni frá árinu 2013 var gengið út frá allt að 15 starfsmönnum, sem einvörðungu áttu að sinna sýningunni og sýningagestum, en ekki fræðistörfum fyrir safnið.⁵ Þá má benda á að samkvæmt mati fjármálaskrifstofu fjármálaráðuneytisins vegna lagafrumvarpsins um Náttúruminjasafn Íslands var reiknað með að grunnstarfsemi Náttúruminjasafnsins árið 2007 yrði ekki rekin með færri en 4–6 starfsmönnum og var þá horft til starfsemi hinna höfuðsafnanna tveggja til viðmiðunar.⁶

⁵ *Skoðun á hugmynd um náttúruminjasýningu Náttúruminjasafns Íslands í Perlunni*. Greinargerð vinnuhóps á vegum Reykjavíkurborgar og mennta- og menningarmálaráðuneytis. September 2012. Sjá einnig Framkvæmdasýsla ríkisins: Náttúruminjasafn Íslands. *Leiguhúsnæði í Perlunni. Frumathugun mars 2013*. 6 bls.

⁶ Umsögn fjármálaskrifstofu fjármálaráðuneytisins við frumvarpi til laga um Náttúruminjasafn Íslands. Fylgiskjal með um frumvarpi til laga um Náttúruminjasafn Íslands. Þskj. 294 — 281. mál.

Áætlaður kostnaður við gerð grunnsýningar

Grundvallarviðfangsefni í sýningahaldi Náttúruminjasafnsins eru náttúra Íslands, náttúrusaga, nýting náttúruauðlinda, náttúruvernd og tengsl náttúru landsins við umheiminn.

Áherslur Náttúruminjasafnsins í sýningahaldi munu beinast að því sem einkennir náttúru landsins og telst til sérkenna á hnattræna vísu. Horft verður til lykilkáttanna sem hafa haft mótandi áhrif á lífríki landsins – norðlæg hnattstaða, einangrun eyjunnar, eldvirkni, umfang jökla, hve skamman tíma lífverur hafa haft til landnáms og hve ungt Ísland er í jarðsögulegu tilliti.

Mikil áhersla verður einnig lögð á hnattrænar umhverfisbreytingar og vistfræðilega nálgun í kynningu og framsetningu á efni. Fjallað verður um ferla og tengsl lífrænna og ólífrænna þátta innan vistkerfa og milli þeirra.

Mikið verður lagt upp úr gagnvirkri framsetningu, m.a. með margmiðlunarbúnaði, en, ekki síður, með því að bjóða gestum upp á að snerta og handfjatla gripi, kíkja í smásjá, bregða upp stækkunargleri og leysa verkefni og þrautir.

Sýningar Náttúruminjasafnsins munu taka mið af nýjustu sýningaraðferðum sem völ er á og verða í anda þeirra vísindasafna sem bestum árangri hafa náð í nágrannalöndum okkar.

Í skýrslu Framkvæmdasýslu ríkisins frá 2013 var stofnkostnaður vegna fyrirhugaðrar sýningar Náttúruminjasafnsins í Perlunni áætlaður með hliðsjón af öðrum sýningum hér á landi sem helst voru taldar sambærilegar, þ.e.a.s. Surtseyjarsýningu Náttúrufræðistofnunar frá 2007 og aðalsýningu Þjóðminjasafns Íslands frá 2004. Stofnkostnaður við grunnsýningu Náttúruminjasafnsins sem tók til 2.200 m² sýningarrýmis var áætlaður um 400 m.kr. en að auki var gert ráð fyrir 100 m.kr. kostnaði á vegum Reykjavíkurborgar vegna breytinga á húsnæðinu í þágu sýningahaldsins.⁷

Forsendur til að áætla kostnað við gerð grunnsýningar á vegum Náttúruminjasafnsins í framtíðarhúsnæði hafa lítið breyst og ekki er unnt að komast nær raunkostnaði fyrr en sýningin hefur verið mótuð og hönnuð að nokkru leyti að minnsta kosti. Þó ber að hafa í huga að með aukinni margmiðlunartækni má ætla að kostnaður aukist.

Náttúruhús í Vatnsmýri sem framtíðaraðsetur Náttúruminjasafns

Allt frá árinu 1942 hefur verið gert ráð fyrir að húsakynni náttúrufræðisafns yrðu á lóð Háskóla Íslands og var ætlunin að kennsla í náttúruvísindum færi einnig fram í húsinu. Árið 1946 var undirbúningi lokið að mestu og hús hafði verið teiknað. Framkvæmdaleyfi fékkst þó ekki og húsnæðismál safnsins voru leyst til bráðabirgða með öðrum hætti. Bráðurinn var tekinn upp að nýju árið 1985. Nefnd sem menntamálaráðherra skipaði árið 1989 (NNN-nefnd) lagði til að byggt yrði Náttúruhús í Reykjavík til að hýsa Náttúrugripasafn og Náttúrufræðistofnun Íslands sem lög gerðu þá ráð fyrir að annaðist sýningarhald. Í tilefni af aldarafmæli Hins íslenska náttúrufræðifélags sama ár lét Reykjavíkurborg afmarka sérstaka lóð sem helguð var Náttúrugripasafni Íslands næst austan við lóð Háskóla Íslands. Í ávarpi á afmælisfundinum 30. september 1989 vísaði menntamálaráðherra til fundar með borgarstjóra og háskólarektors þar sem samkomulag hefði verið gert um að byggja slíkt náttúrufræðihús í félagi ríkisins, háskólans og Reykjavíkurborgar og að húsinu væri ætlaður staður í grennd Háskólans við mörk borgarfriðlands í Vatnsmýrinni, skammt frá Norræna húsinu.

Árið 1990 var komið á fót samstarfshópi á vegum umhverfisráðherra, menntamálaráðherra, borgarstjóra og Háskóla Íslands „...til þess að undirbúa byggingu náttúruhúss í Reykjavík.“ Hópurinn skilað

⁷ Framkvæmdasýsla ríkisins: Náttúruminjasafn Íslands. Leiguhúsnæði í Perlunni. Frumathugun mars 2013. 6 bls.

álitu í nóvember 1991 og lagði til að húsinu yrði valinn staður á lóðinni sem safninu hafði verið mörkuð. Taldi hópurinn að næsta skref ætti að vera hugmyndasamkeppni um hönnun hússins.⁸ Fjárveitingar til byggingarinnar fengust þó ekki og byggingaráformin féllu aftur í dvala um sinn.

Málin hafa síðan skipast á þann veg að Náttúrufræðistofnun Íslands, sem sinnir grunnrannsóknum á náttúru landsins, fluttist í nýtt 3.500 m² húsnæði í Garðabæ árið 2010 þar sem góð aðstaða er fyrir skrifstofustarfsemi, rannsóknir og geymslur. Náttúruminjasafn Íslands, sem stofnsett var með lögum árið 2007 og tók við því miðlunarhlutverki sem Náttúrufræðistofnun Íslands gegndi áður varðandi sýningahald og tengda starfsemi, býr enn við húsnæðisskort og hefur hvorki yfir eigin skrifstofu- eða sýningaraðstöðu að ráða.

Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á deiliskipulagi Háskólasvæðisins á á undanförunum árum en umrædd lóð er þó enn ætluð fyrir Náttúruhús, allt að 7.000 m² að stærð.⁹ Í því deiliskipulagi sem gildir fyrir Háskólasvæðið er byggingarreiturinn auðkenndur með bókstafnum G og sagður „...einungis fyrirhugaður fyrir náttúrufræðisafn og tengda starfsemi Náttúrufræðistofnunar Íslands.“

Um þessar mundir er unnið að svokölluðu rammaskipulagi fyrir Háskólasvæðið og í drögum að skipulagi er lóðin óbreytt en nú er gert ráð fyrir allt að 9.000 m² húsi.

Nú þegar áform um framtíðaruppbyggingu Náttúruminjasafns Íslands eru á ný komin á dagskrá liggur beinast við að gaumgæfa vel þann möguleika að nýta umrædda lóð í samvinnu við Háskóla Íslands, líkt og áður hefur verið gengið út frá. Forstöðumaður Náttúruminjasafnsins hefur þegar viðrað hugmyndir um samvinnu og samstarf á þessum nótum við rektor Háskóla Íslands, deildarforseta Líf- og umhverfisvísindadeildar og Jarðvísindadeildar sem og forseta Félagsvísindasviðs. Hafa undirtektir verið jákvæðar, enda má ætla að þar fari saman hagsmunir beggja, Háskólans og Náttúruminjasafnsins, – með samnýtingu og samstarfi væri hægt að leysa riflega aldargamlan vanda Náttúruminjasafnsins og forvera þess og bæta aðstöðu til kennslu og rannsókna í náttúru- og safnafræðum við Háskólann.

Drög að framvindu og vísbending um fjárför

Í 3. töflu gefur að líta grófllega áætlaða fjárför við stofnkostnað vegna uppbyggingar húsnæðis fyrir Náttúruminjasafnið ásamt stofnkostnaði við hönnun og uppsetningu grunnsýningar um náttúru Íslands.

3. tafla. Gróf áætlun um stofnkostnað vegna húsnæðis fyrir Náttúruminjasafn Íslands.

Ár		Áætluð fjárför
2018	Unnið að forsögn að byggingu og sýningahaldi. Efnt til hönnunarsamkeppni um hús.	200 m.kr.
2019	Fullnaðarhönnun húss. Hönnun sýningar. Upphaf byggingarframkvæmda.	500 m.kr.
2021	Byggingin rís. Framkvæmdir við sýningargerð.	1.000 m.kr.
2022	Byggingu lokið. Uppsetning sýningar.	500 m.kr.
Samtals:		2.200.000 kr.

⁸ Kristinn Sv. Helgason, Sveinn Jakobsson, Hjörleifur B. Kvaran, Þórður Þorbjarnarson, Sveinbjörn Björnsson, Arnþór Garðarsson, Örn Helgason og Álfheiður Ingadóttir. 1991. Náttúruhús í Reykjavík – Skýrsla starfshóps um byggingu Náttúruhúss nóvember 1991. Reykjavíkurborg, Menntamálaráðuneytið og Háskóli Íslands, Reykjavík. 72 bls.

⁹ Háskóli Íslands. Deiliskipulag háskólalóðar 1:1000, 1999.

Rekstrarsnið

Í vinnslu.

Kostnaður og fjármögnun

Í vinnslu.

Tímaáætlun

Í vinnslu.

Heimildir

Í vinnslu.

DRÖÖGG